



## Akureyrarbær

### Heiðursviðurkenning Menningarsjóðs Akureyrar 2023

Óskar Pétursson á að baki langan og farsælan feril sem söngvari og segist hafa verið sí gaulandi frá því hann man eftir sér. Hann er Skagfirðingur í húð og hár en hefur búið á Akureyri mestan sinn aldur.

Óskar fæddist á jóladag 1953 og hefur starfað við bifvélavirkjum meðfram sögnum í um hálfu öld. Þekktastur er Óskar e.t.v. fyrir að vera einn af Álftagerðisbræðrum sem nutu mikilla vinsælda á árum áður, voru iðnir við tónleikahald og sendu frá sér hljómplötur.

Óskar hefur komið víða við á löngum ferli, sungið með frægum jafnt sem minna frægum, gefið út sólóplötur og komið fram með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og ótal kórum um land allt, svo fátt eitt sé nefnt.

Hann hefur sungið á gleði- og sorgarstundum í lífi ótal Íslendinga, við brúðkaup og jarðarfarir, og einhverju sinni lét séra Pétur heitinn Þórarinnsson í Laufási þau orð falla - að sjálfsögðu meira í gamni en alvöru - að á tímabili hefði Óskar Pétursson verið meira ómissandi við jarðarfarir norðan heiða en líkið sjálft!

Í viðtali við Morgunblaðið árið 2002 sagði Óskar frá því að það hefði aldrei staðið til að leggja sönginn fyrir sig, en að hann hefði þó sótt sér tilsögn í söngskóla í Reykjavík og eins verið um skeið í Tónlistarskólanum á Akureyri. Því má segja að sífellt gaulið í barnæsku hafi undið skemmtilega upp á sig.

Óskar var bæjarlistamaður Akureyrar árið 2002 og nú 21 ári síðar hlýtur hann heiðursviðurkenningu Menningarsjóðs fyrir farsælan feril og ríkulegt framlag til menningarlífsins á Akureyri.

**Heimir Örn Árnason**  
forseti bæjarstjórnar